



## Upplýsingar um rekstraraðila

Samkvæmt reglugerð 785/1998 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun eiga eftirfarandi upplýsingar um starfsemina að koma fram:

Ábyrgðarmaður umsóknar	Halldór Torfason
Sími ábyrgðarmanns	6965858
Netfang ábyrgðarmanns	halldort@malbik.is
Nafn fyrirtækis	Malbikunarstöðin Höfði hf.
Kennitala fyrirtækis	581096-2919
Starfsstöð fyrirtækis	Sævarhöfði 6-10
Póstnúmer og staður	110 Reykjavík
Sími fyrirtækis	5875848
Netfang fyrirtækis	hofdi@malbik.is
Tengiliður fyrirtækis ef annar en ábyrgðarmaður umsóknar	Baldur Einarsson
Sími tengiliðs	8435141
Netfang tengiliðs	baldur@malbik.is

## Uppýsingar um atvinnurekstur

Lýsið tegund og umfangi atvinnurekstrar, sem og umfangi einstakra rekstrarþátta ef við á

Malbikunarstöðin Höfði hf. er í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og Aflvaka hf. Við stofnun fyrirtækisins árið 1996 sameinuðust tvö borgarfyrirtæki, Malbikunarstöð og Grjótnám Reykjavíkurborgar, í eitt hlutafélag. Starfsmenn eru 37, en heilsársstórf árið 2017 voru 38. Á sumrin eru ráðnir menn til starfa og einnig tímabundið á öðrum tímum ársins eftir atvikum.

Starfsemi fyrirtækisins í þessu nýja formi hófst í ársbyrjun 1997. Fyrirtækið skiptist í fimm deildir: hráefnadeild, framleiðsludeild, framkvæmdadeild, rannsókn- og þróunardeild og sölu- og markaðsdeild. Fyrirtækið er með vottað gæðakerfi samkvæmt ISO staðli nr. 9001 og vottað umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt ISO staðli nr. 14001.

Stjórn fyrirtækisins skipa 3 fulltrúar eigenda, kosnir á aðalfundi ár hvert. Stjórn fyrirtækisins 2018 skipa: Margrét S. Björnsdóttir formaður, Brynhildur Þorgeirsdóttir og Börkur Gunnarsson. Framkvæmdastjóri er Halldór Torfason. Deildarstjórar eru: Magnús S. Magnússon, hráefnadeild, Theódór Welding Snorrason, framleiðsludeild, Ólafur Sigurmundsson, framkvæmdadeild, Hafdís Guðlaugsdóttir sölu- og fjármáladeild og Elín Ásdís Ásgeirsdóttir, rannsókn- og þróunardeild. Elín Ásdís Ásgeirsdóttir er gæðastjóri.

Hráefnadeild sér um framleiðslu á steinefnum í malbik og til sölu til annarra aðila og rekur í því skyni grjótmulningsstöð. Mulin er aðallega hnellingamöl (sjávarfæni) frá Björgun hf. og berg úr Lambafellsnámu í Þrengslum. Framleiðsla hráefnadeildar fer nánast eingöngu í eigin framleiðslu á malbiki. Meðal framleiðsla fyrirtækisins, frá því að það hóf starfsemi í ársbyrjun 1997, á muldu steinefni er tæp 87.000 tonn á ári, en hefur farið minnkandi og er eftir hrún árið 2008 að meðaltali um 46.400 tonn á ári. Auk eigin framleiðslu á steinefnum er flutt inn talsvert magn af erlendum steinefnum.

Framleiðsludeild sér um framleiðslu á malbiki og blöndun á bindiefni fyrir klæðingar og bikfestun úti á landsbyggðinni. Tvær malbikunarstöðvar tilheyra deildinni. Eldri malbikunarstöðin af gerðinni ViaNova er frá árinu 1972 og getur afkastað um 170 tonnum á klukkustund við góðar aðstæður. Framleiðslurás stöðvarinnar var tölvuvædd á árinu 1994 og var hún þar með útbúin nýjasta búnaði á markaðnum. Með stöðugum endurbótum sem gerðar hafa verið á henni uppfyllir hún kröfur er varða umhverfismál á evrópska efnahagssvæðinu. Á árinu 2006 var fjárfest í nýrri flytjanlegri malbikunarstöð af gerðinni Benninghoven. Hún er framleidd í samræmi við kröfur er varðar umhverfismál á evrópska efnahagssvæðinu. Árið 2017 var Benninghovenstöðin með um 26% af heildarframleiðslu ársins. Framleiðsla á „endurunnu malbiki“ hófst í ársbyrjun 2014 í Benninghovenstöðinni. Báðar stöðvarnar eru með öflugan filterbúnað sem hreinsar ryk úr útblæstrinum. Fínefnið, oftast nefnt filler, er allt notað í malbiksframleiðsluna. Á hverju ári eru framleiddar 20-25 malbiksgerðir. Auk þess rekur félagið bikbirgðastöð á athafnasvæði sínu. Starfsemi bikbirgðastöðvarinnar snýr að móttöku, geymslu og afhendingu á bikbindiefnum sem er notuð til vegagerðar. Um er að ræða móttöku, geymslu, sölu og afhendingu stungubiks og sölu og afhendingu á þjálbiki. Starfsemi bikbirgðastöðvar fer aðallega fram yfir sumartímann. Meðal framleiðsla fyrirtækisins á malbik frá því að það hóf starfsemi í ársbyrjun 1997 er um 92.500 tonn á ári, mest 170.161 tonn (árið 2007), en minnst 53.193 tonn (árið 2013). Sala á asfaltblöndu er um 1.200 tonn á ári, sala á hreinu asfalti er hverfandi.

Framkvæmdadeild sér um ýmsar framkvæmdir, sem fyrirtækið tekur að sér. Útlagning malbiks er stærsti og veigamesti þátturinn í starfsemi deildarinnar. Deildin á öflugar útlagningarvélar, val tara, vörubifreiðar og önnur tæki tilheyrandi útlögn malbiks og er því vel búin undir það að taka að sér viðamikil verkefni í malbiksútlögn. Að

meðaltali hefur deildin lagt út um 41.000 tonn á ári frá 1997. Auk þess hefur deildin séð um vetrarþjónustu fyrir Reykjavíkurborg og Vegagerðina á götum höfuðborgarsvæðisins yfir veturinn. Rannsókn- og þróunardeild sér um allar hefðbundnar prófanir á steinefnum og malbiki, og sinnir auk þess ýmsum þróunarverkefnum sem snerta steinefni og malbik. Deildarstjóri heldur utan um færslur í grænt bókhald og er gæðastjóri fyrirtækisins.

Sölu- og markaðsdeild sér um fjármál, innheimtu og sölu ýmissa efna til vegagerðar. Vigtanir tækja fyrir ýmsa aðila eru talsverðar, þar sem bílavogin er vel staðsett með tilliti til umferðaræða og aðkoma auðveld fyrir flutningabírfreiðar, sem eru að fara út á land og vilja vita, hvort heildarþungi sé innan ramma laganna. Viðskiptavinir fyrirtækisins eru stórir og smáir aðilar einkum á sviði gatna- og vegagerðar. Stærstu viðskiptavinir eru Vegagerðin, sveitarfélög á höfuðborgar-svæðinu og ýmsir verktakar.

Malbikunarstöðin Höfði hf. fékk vottun samkvæmt ISO staðli 9001 í ársbyrjun 2013 hjá BSI og ber vottunarskjalíð númerið FM 594436. Á haustmánuðum 2013 fékk fyrirtækið heimild til að CE-merkja framleiðsluvörur sínar hjá vottunaraðilanum. Árið 2015 fékk fyrirtækið vottun samkvæmt ISO staðli nr. 14001 og ber vottunarskjalíð númerið EMS 633956. Einnig er fyrirtækið með áætlun um öryggi og heilbrigði starfsmanna og er stefnt að vottun í árslok 2018, eða ársbyrjun 2019. Vorið 2017 gaf fyrirtækið út í fjórtánda sinn ársskýrslu yfir grænt bókhald, í samræmi við lög þar um.

Núgildandi starfsleyfi fyrirtækisins var gefið út 18. júní 2015 og gildir til 1. febrúar 2019.

Malbikunarstöðin Höfði hf. er staðsett við Sævarhöfða í Reykjavík, við ósa Elliðaána, sjá mynd. Helstu nágrannar eru steypustöð, bílasala, vörubílastöð, Sorpa og Björgun hf. Ofan fyrirtækisins eru lagergeymslur. Næstu íbúðahverfi eru Ártúnsholt handan Vesturlandsveggar, Vogahverfið handan Elliðavogar og Bryggjuhverfið handan Ártúnshöfða. Starfsemin fer að mestu fram á höfuðborgarsvæðinu hvað útlögn malbiks varðar, en einnig hefur fyrirtækið tekið að sér verkefni á mun stærra svæði og má segja að mörkin í dag liggja við Skeiðarársand í austri og Blönduós í A-Húnavatnssýslu í norðri.

Uppdrættir af staðsetningu	Loftmyndir sem sýna staðsetningu Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf í Reykjavík.docx
Afrit af staðfestu deiliskipulagi	Deiliskipulag fyrir Sævarhöfða 6-10.pdf
Lýsið staðháttum við vinnslustað (rekstrarsvæði)	Staðhættir og staðsetning.pdf

Hvaða efni og orka eru notuð við framleiðsluna?

Við framleiðslu á malbiki er blandað saman asfalti (bik, enska bitumen) og steinefnum í ákveðnum hlutföllum. Viðlöðunarefni (amín) eru notuð til að bæta viðlöðun og samloðun framleiðslunnar. Viðbættur filler er af og til notaður (t.d. kalk, sement). Auk þess eru notuð íblöndunarefni í ákveðnar blöndur þegar verkkaupar krefjast þess, t.d. trefjar, vax og fjöllíður (SBS). Olía er notuð til að hita steinefnin upp og þurrka þau og er notkunin 7-8 l/tonnið af malbiki. Raforka er notuð til að hita asfaltið upp og halda því heitu. Árið 2017 var raforkan 3.517.677 kWst.

Hver er fyrirsjáanleg losun framleiðslunnar?	Vísad til meðfylgjandi greinargerðar um "Losun og áhrif á umhverfið.pdf".
--	---

Ísland skilar losun á eftirfarandi efnum skv. CLRTAP og UNFCCC. Rekstraraðilar er falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skila gögnum um losun gróðurhúsalofttegunda skv. lögum nr. 70/2012. Vinsamlegast tilgreinið þá losun í loft sem á sér stað í þeim einingum sem gefnar eru upp í skjalinu. Ef um er að ræða aðra losun er hér er talin upp má bæta við efnum neðst í skjalið.

Fyllið út og skilið inn þessu skjali: Listi skil til althjodasamninga.xlsx

Losunartölur vegna alþjóðasamninga

## Áhrif á umhverfið

Hver eru áhrif losunar á umhverfið?	Losun og áhrif á umhverfið.pdf
Hvaða mengunarvarnir verða valdar til að hindra eða draga úr losun út í umhverfið?	Svokallaðir pokafilteir hafa verið notaðir við báðar malbikunarstöðvarnar. Við Benninghoven stöðina eru 420 pokar í filternum, en 720 í ViaNova stöðinni. Annars vísad til greinargerðar um losun og áhrif á umhverfið.
Hverjar eru áætlaðar aðgerðir til að fylgjast með losun út VLY.504_Vöktun og stýring_20032015.doc í umhverfið?	
Lýsið tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið	Sjá meðfylgjandi greinargerðir.
Lýsið ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs	Sjá meðfylgjandi greinargerðir.
Lýsið tegund og magni úrgangs sem fellur til við framleiðsluna	Sjá meðfylgjandi greinargerðir.
Lýsið því hvort aðferðir sem valdar hafa verið til að draga úr mengun, komi til með að valda mengun annarsstaðar	Starfsmönnum Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf er ekki kunnugt um að aðferðir sem valdar hafa verið til að draga úr mengun valdi mengun annars staðar.

Munu losunarpættir viðkomandi reksturs hafa í för með sér sammögnunaráhrif?

Losunarpættir rekstursins hafa ekki í för með sér sammögnunaráhrif svo kunnugt sé.

## Annað

Sýniseintök af áætlunum til viðmiðunar:

Áætlun vegna rekstrarstöðvunar; (Sýniseintak)

Viðbragsáætlun vegna bráðamengunar (Sýniseintak)

Samantekt sem er ekki á tæknimáli um þau atriði sem fram koma í umsókninni.

Malbikunarstöðin Höfði hf., kt. 581096-2919, sækir um starfsleyfi til að reka tvær malbikunarstöðvar og grjótmulningsstöð að Sævarhöfða 6-10, Reykjavík, þar til ný lóð hefur verið fundin undir starfseminna. Malbikunarstöðin Höfði getur framleitt allt að 160 tn/klst. af malbiki í Benninghoven malbikunarstöð og allt að 180 tn/klst. af malbiki í ViaNova malbikunarstöð fyrirtækisins og allt að 100 tn/klst. af steinefnum í grjótmulningsstöðinni. Óskað er eftir heimild til að reka tengda starfsemi og þjónustu að Sævarhöfða 6-10 og að heimilt sé að geyma allt að 8.000 m<sup>3</sup> af biki (bitumen) í bikbirgðastöð norðan við Sævarhöfða 6-10 og önnur olíuefni sem ætluð eru til malbiks- og annarrar bikframleiðslu, þar af 3.600 m<sup>3</sup> í stærsta geymi. Auk þess sé heimilt að vera með allt að sjö geyma sem eru 50 m<sup>3</sup> og minni til að geyma olíu, lífræna olíu og bik. Sótt er um heimild til að endurvinna malbik og framleiða bikþeytu.

Starfsemin verður rekin í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá landi. Malbikunarstöðin Höfði hf. ætlar að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og nota bestu fánlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs verður neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið haldið í lágmarki (sambættar mengunarvarnir).

Malbikunarstöðin Höfði hf. mun veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. málsgrein 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri

Malbikunarstöðin Höfði hf., kt. 581096-2919, fékk síðast starfsleyfi á núverandi lóð í júní 2015 til einungis 4 ára. Frá því árið 2015 hefur fyrirtækið unnið að því að fá úthlutað lóð undir starfsemi sína í samráði við eiganda sinn. Niðurstaða liggur ekki enn fyrir enda um tímafrest og vandmeðfarið verkefni að ræða. Unnið er að lausn málsins en ljóst er að þegar staðsetning nýrrar lóðar liggur endanlega fyrir er mikil vinna eftir varðandi skipulagsmál og undirbúning og frágang lóðar. Því er fyrirsjáanlegt að talsvert langur tími mun líða áður en fyrirtækið getur hafið starfsemi á nýjum stað. Komi til þess að starfsemi Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. stöðvist blasir grafalvarleg staða við á malbiksmarkaðnum á höfuðborgarsvæðinu.

Malbikunarstöðin Höfði hf. sækir hér með um áframhaldandi starfsleyfi á núverandi lóð, þar til ný lóð undir starfseminna hefur fengist og fyrirhuguð byggð í Ártúnshöfða fer að þrengja að starfseminni.

Áætlun vegna tímabundinnar rekstrarstöðvunar VLY 512\_Viðbragðsáætlun vegna stöðvun á rekstri.doc

Áætlun vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar VLY 512\_Viðbragðsáætlun vegna stöðvun á rekstri.doc

Umsókn um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó og talin er upp í a-lið í viðauka I í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda skal auk þess fylgja:

Staðfesting á að starfsemin hafi tryggingu í samræmi við Staðfesting\_33-2004\_11.6.2018\_14-21-25.pdf lög nr. 33/2004

Áhættumat vegna bráðamengunar hafs og stranda 2514-002-Malbikunarstöðin Höfði-áhættumat hafs og stranda (002).pdf

Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda 2514-002-Malbikunarstöðin Höfði-áhættumat hafs og stranda (002).pdf

Viðbragðsáætlunin skal byggja á (áhættumati)

Viðbótargögn Malbikunarstöðin Höfði-Ársskýrsla yfir grænt bókhald 2017.pdf

Viðbótargögn Malbikunarstöð í þéttbýli\_1.pdf